

Ritsnillingar Holtaskóla



Útgefið í nóvember 2011

Ný útgáfa 2017

Ingibjörg Jóhannsdóttir og Sigríður Bílddal tóku saman

Ritsnillingar Holtaskóla

Ágætu nemendur og foreldrar.

Bæklingurinn er hugsaður til að aðstoða nemendur og foreldra við að setja upp heimildaritgerðir.

Bæklingurinn inniheldur reglur um uppsetningu heimildaritgerða, tölvuleiðbeiningar og gátlista sem hægt er að nota til að fara yfir ritgerðina. Njótið vel.

Efnisyfirlit

Ritsnillingar Holtaskóla	1
Efnisyfirlit	2
Upplýsingalæsi	
Bókmenntaritgerð	4
Heimildaritgerð	5
Uppsetning ritgerða	6
Höfundarréttur.....	10
Höfundarréttur – höfundarleyfi.....	11
Tilvitnanir	13
Bein tilvitnun.....	13
Óbein tilvitnun	13
Íslenskar gæsalappir.....	14
Hornklofar.....	15
Orðum skipt milli lína	15
Orðum skipt milli lína í tölvu	15
Heimildir og heimildaskráning.....	16
Gátlisti fyrir heimildaritgerð	18
Gagnlegar bækur.....	18

Skref 6


- Náði ég þeim markmiðum sem sett voru?
- Hvernig gekk upplýsingaöflunin?
- Hvernig gekk að kynna efnið?

Skref 1

- Hver er tilgangur verkefnisins?
- Hvers vegna þarf ég að afla upplýsinga um efnið?
- Hver eru lykilorð og lykilhugmyndir í verkefninu?

Skref 2

- Hvað veit ég nú þegar?
- Hvaða fleiri upplýsingar þarf ég?
- Hvaða heimildir, tæki og gögn þarf ég að nota?



Skref 5

- Hvað ætla ég að gera við þessar upplýsingar?
- Hvernig og hvar mun ég miðla þessum upplýsingum?

Skref 4

- Hef ég aflað nægra upplýsinga?
- Þarf ég að nota allar þessar upplýsingar?
- Hvernig get ég tengt þessar upplýsingar saman?

Skref 3

- Hvaða upplýsingar get ég strikað út?
- Hversu gagnlegar eru upplýsingarnar sem ég hef fundið?
- Hversu trúverðugar eru upplýsingarnar?
- Hvernig ætla ég að skrá upplýsingarnar?

Bókmenntaritgerð

Efnisyfirlit

Inngangur

Efnisgreinar

- Upplýsa um hvað ritgerðin fjallar
- Meginatriði
- Uppbygging ritgerðar

Dæmi

Skáldsagan *Sunna þýðir sól*, eftir Kristínu R. Thorlacius, fjallar um Sunnu sem býr úti á landi og lendir í óþægilegri reynslu. Allt í einu vilja vinkonur hennar ekki tala við hana. Sunnu líður illa yfir þessu því hún hefur ekki gert þeim neitt. Sunna kemst að sannleikanum að lokum með hjálp vinar síns sem aðstoðar hana við að leysa úr málinu.

Meginmál

Meginmál 1

- Höfundur

Kristín R. Thorlacius er fædd í Reykjavík og starfaði lengst af sem kennari, síðast sem bókasafnskennari í Borgarnesi. Kristín hefur búið víða á landinu, en lengst á Staðastað á Snæfellsnesi þar sem maður hennar var prestur.

Meginmál 2

- Söguþráður
 - Umhverfi
 - Tími
 - Persónur/einkenni

Hún býr í litlu þorpi úti á landi þar sem allir þekkja alla. Sagan gerist á okkar tímum á vetrartíma. Pabbi Sunnu, sem er kennari í grunnskólanum, er sakaður um alvarlegt athæfi. Sunna kemst að því þegar vinkonur hennar taka að forðast hana. En í staðinn eignast hún vin, Ófeig. Sunna þarf að takast á við að lífið sem hún þekkti er ekki eins og áður. Hún sér hlutina með öðrum augum og gerir sér grein fyrir að ýmislegt hefur verið að gerast í þorpinu hennar sem ekki er gott. Sunna kemst einnig að því að ef málin eru rædd þá er hægt að leysa allt að lokum.

Meginmál 3

- Boðskapur

Aðalpersónan er Sunna og vinur hennar hann Ófeigur sem er jafngamall. Ófeigur er skítinn og á ekki marga vini í bekknum. Það er frekar gert grín að honum en hann hefur náð því að leyfa öðrum ekki að ráða hvernig honum líður. Sunna og Ófeigur eru bæði 13 ára. Vinkonur Sunnu, Harpa Dröfn og Díska, eru aukapersónur.

Lokaorð

- Draga saman aðalatriði úr meginmáli
- Segja sína skoðun

Boðskapur sögunnar er að takast þarf á við það sem upp kemur í lífinu og leysa það í stað þess að leggjast niður í volæði.

Sagan gerist á stuttum tíma og segir frá Sunnu og hvað er að gerast í hennar lífi þessa daga. Hún lærir ýmislegt um vini sína og kemst að ýmsu um fjölskyldu sína og aðra þorpsbúa. Mér fannst sagan halda athyglinni meðan ég var að lesa hana. Ég þurfti að fá að vita hvernig hún endaði. Höfundur gerir söguna spennandi með því að segja ekki alveg frá öllu fyrst en lesandinn er að komast að sannleikanum smám saman.

Heimild:

Kristín R. Thorlacius. 1999. *Sunna þýðir sól*. Muninn. Íslendingaútgáfan, Reykjavík.

Heimildaritgerð

Efnisyfirlit




Efnisgreinar

- Upplýsa um hvað ritgerðin fjallar
- Meginatriði
- Uppbygging ritgerðar

Dæmi

Húskettir hafa lengi fylgt manningum. Áður fyrr voru þeir notaðir til að veiða meindýr eins og mýs og rottur og bjuggu þá oft í útihúsum. Nú á tímum eru margir með ketti sem heimilisdýr. Hér á eftir verður fjallað um húsketti, einkenni þeirra, uppruna og nokkrar kattategundir.



Meginatriði 1

- Einkenni

Kettir eru spendýr sem hafa heitt blóð og loðinn skrokk. Afkvæmi katta kallast kettlingar og þeir sjúga mjólk úr mömmu sinni. Kettir geta verið loðnir eða snöggghærðir. Kettir eru mjög liðugir og smjúga vel inn um litlar rifur. Þeir hafa næm skilningarvit eins og nef. Kettir eru rándýr og villtir kettir veiða sér til matar. Húskötturinn þarf ekki að veiða sér til matar en getur veitt mýs og fugla. Hann leikur sér frekar að bráðinni.

Meginatriði 2

- Uppruni
- Hlutverk

Kettir eru taldir upprunnir í Egyptalandi. Þar voru þeir heilög dýr. Forfaðir húskattarins er Núbíuköttur frá Afríku. Víkingar notuðu ketti til að veiða rottur og sem gæludýr. Húskötturinn er sjálfstæður og er ekki til í að þjóna manningum eins og hundar. Húsköttur er heimilisdýr í dag. Hann er ekki notaður til veiða. Hann býr inni á heimili. Að klappa ketti veitir bæði mönnum og dýri ánægju.

Meginatriði 3

- Kattategundir

Það eru til margar tegundir af húsköttum. Þeir eru ólíkir að stærð og lit og ýmist snöggir eða loðnir. Síamskettir eru yfirleitt ljósgráir og gulbleikir en blettir á trýni, eyrum, löppum og skotti geta orðið mjög dökkir. Persakettir eru ein af þekktustu loðnu tegundunum. Þeir eru kubbslegir, með stutt og breitt höfuð og sérstaka eyrnalögun. Íslenskir húskettir eru í öllum litum; bröndóttir, einlitir eða tví- þrílitir.



- Draga saman aðalatriði úr meginmáli
- Segja sína skoðun

Húskötturinn hefur verið lengi hjá manningum. Hann veitir ánægju og mörgum þykir gott að klappa kettinum sínum. Það eru til margar tegundir af köttum. Allir kettir eiga það sameiginlegt að vera liðugir og hafa gaman af veiðum. Þess vegna er oft höfð bjalla á hálsól katta til að vara fugla við. Mér finnst kettir skemmtileg dýr og vildi gjarnan eiga einn.

Heimildir:

Óskar Ingimarsson og Þorsteinn Thorarensen. 1983. *Spendýr*. Undraveröld dýranna 15. Fjölváutgáfan, Reykjavík.

Evans, Mark. 1992. *Kettlingar. Handbók fyrir unga kattaeigendur*. Mál og menning, Reykjavík.

Wikipedia. 2011. *Cultural depictions of cats*. Sótt 13.09.2011 af http://en.wikipedia.org/wiki/Cultural_depictions_of_cats#Europe.

Uppsetning ritgerða

Undirbúningur:

- Lestu heimildir vel og spurðu þig nokkurra spurninga, t.d.:
 - Hvað er ...
 - Hvar er ...
 - Hvernig ...
 - Hvers vegna ...
- Gerðu uppkast

Bygging ritgerðar

Ritgerð skiptist í þrjá meginhluta:

- Inngang
- Meginmál
- Lokaorð

Inngangur:

- Upplýsa um hvað ritgerðin fjallar
- Meginatriði
- Uppbygging ritgerðar

Meginmál:

- Höfundur
- Sögupráður
 - Umhverfi
 - Tími
 - Persónur/einkenni
- Boðskapur

Lokaorð:

- Draga saman aðalatriði úr meginmáli
- Segja sína skoðun

Frágangur:

- Forsíða skv. reglum
- Efnisyfirlit (ef við á)
- Ritgerðin
- Heimildaskrá skv. reglum

Spássiur:

- Sjálfgefna í forritinu

Fyrirsögn:

- Heading 1/Fyrirsögn1

Blaðsíðunúmer:

- Forsíða á ekki að vera númeruð
- Sjálfvirkt, miðjujafnað í síðufót

Tilvitnanir

- Beinar tilvitnanir verða að vera orðréttar innan gæsalappa „...“ (Alt 0132 ... Alt 0147) og skráð hvaðan tilvitnunin er.
- Óbeinar tilvitnanir. Þær vísa í texta einhvers en ekki orðrétt og skrá þarf hvaðan tilvitnunin er. (Höfundur, ártal: blaðsíðutal).
- Neðanmálgreinar
Insert – Reference – Footnote – Insert

Forsíða:

- Sjá sýnishorn á næstu síðum:
Efst og neðst:
 - Times New Roman
 - 12 pt, feitletrað (efst og neðst)
- Fyrirsögn t.d.:
 - Times New Roman 24 pt. feitletrað, miðjujafnað
 - WordArt og mynd (kennari ræður)

Efnisyfirlit:

- Á sér blaðsíðu strax á eftir forsíðu

Meginmál:

- Times New Roman 12 pt eða 14 pt
- Aljöfnun (justify)
- Fyrsta lína inndregin
- ATH!! fyrsta efnisgrein er ekki inndregin
- Línubil: 1 ½

Heimildir:

- Samkvæmt reglum Chicago-kerfisins
- Á sér blaðsíðu aftast, strax á eftir texta (sjá leiðbeiningar)

Nafn skóla

Nafn kennara

Námsgrein, bekkur

Nafn ritgerðar

Sýnishorn

Þitt nafn

Dagsetning og ártal

Nafn skóla

Nafn kennara

Námsgrein, bekkur

Nafn ritgerðar




Sýnishorn

Ditt nafn

Dagsetning og ártal

Svona gæti ritgerðin litið út



Höfundarréttur



Þetta merki er alþjóðlegt tákni fyrir höfundarrétt.

- 🌐 Það er bannað að taka orðrétt upp úr heimildum.
- 🌐 Stuldur á texta af netinu er jafnalvarlegt mál og stuldur á texta úr bókum.

- ✚ Það er auðvelt að AFRITA (copy) og LÍMA (paste).
- ✚ Það er jafn auðvelt fyrir kennara að afrita setningu, slá henni upp á Netinu og finna skjal sem inniheldur sömu setningu = stuldur!!!

Réttur höfunda

1. gr. Höfundur að bókmenntaverki eða listaverki á eignarrétt *Til bókmennta og lista teljast samið mál í ræðu og riti, leiksviðsverk, tónsmíðar, myndlist, byggingarlist, kvikmyndir, ljósmyndalist, nytjalist og aðrar samsvarandi listgreinar, ..., sem fræðslu veita um málefni eða skýra þau, njóta verndar með sama hætti og bókmenntaverk.*

Lög um höfundarrétt nr. 73, 1972

Ljósmyndir

49. gr. Eftirgerð ljósmynda, ..., er óheimil án samþykkis ljósmyndara eða þess aðilja, sem rétt hans hefur hlotið. [Enn fremur er óheimilt að birta slíkar ljósmyndir án samþykkis rétthafa.]

Lög um höfundarrétt nr. 73, 1972

CC höfundarréttarleyfi

Síður sem fjalla um leyfisskilmála sem höfundar geta sett á verkin sín og leyfa öðrum að nota þau með sérstökum skilmálum.

- ✚ <http://www.creativecommons.is>
- ✚ <http://www.creativecommons.org>



Höfundarréttur © – höfundarleyfi



Höfundarréttur - „Öll réttindi áskilin – Afritun óheimil“
... í 70 ár eftir andlát höfundar. Í 25 ár frá því ljósmynd er tekin svo fremi hún er ekki skráð sem listaverk, þá er höfundarétturinn í 70 ár eftir andlát höfundar.


Verður að hafa samband við höfund til að fá að nota efnið



Public domain – Almenningsseign

- höfundarréttur útrunninn
- frjálst til afnota
- nýtur ekki höfundar- eða einkaleyfisverndar
- lengd höfundaréttis mismunandi eftir löndum


Verður að geta höfundar – skrá heimild



Eignun

Þetta leyfi heimilar öðrum að dreifa, endurgera, gera smávægilegar breytingar og byggja á þinni vinnu, líka í auglýsingaskyni, svo lengi sem að höfundurinn fær allan heiðurinn fyrir upprunalegu sköpunina. Þetta er greiðvinnasta leyfið. Ráðlagt fyrir mesta dreifingu og notkun á löggiltu efni.

Verður að geta höfundar – skrá heimild



Eignun - til einkanota

Þetta leyfi heimilar öðrum að endurgera, gera smávægilegar breytingar og byggja við þína vinnu til einkanota, þótt ný verk þeirra verða einnig að viðurkenna þig og vera til einkanota, þá þurfa þeir ekki að nota sama leyfi fyrir afleidd verk og með sömu skilmálum.

Verður að geta höfundar – skrá heimild

Til eru þrjár útgáfur af þessu tákni: \$ dollaratákn - € evrutákn - ¥ jenatákn



Eignun - engar afleiður

Þetta leyfi heimilar endurdreifingu, í auglýsingaskyni og til einkanota, svo lengi sem að því er dreift án breytinga og í heilu lagi, og höfundurinn fær heiðurinn.

Verður að geta höfundar – skrá heimild




Ekki má breyta þessu verki eða nota það í önnur verk

Oft talin þyngsta og mest íþyngjandi takmörkunin vegna þess að það er ekki alveg ljóst hvað takmörkunin felur í sér



Ef þessu verki er breytt og það notað í önnur verk þá verður líka að dreifa þeim verkum með sams konar CC höfundarleyfi




Eignun - deila jafnt

Þetta leyfi heimilar öðrum að endurgera, gera smávægilegar breytingar og byggja við þína vinnu jafnvel í auglýsingaskyni, svo lengi sem höfundurinn fær allan heiðurinn fyrir upprunalegu sköpunina og sama leyfi verði notað fyrir nýjar skapanir með sömu skilmálum. Þetta leyfi er oft borið saman við „copyleft“ ókeypis og opinn hugbúnaðarleyfi. Öll ný verk byggð á þínu munu halda sama leyfi, svo að allar afleiður munu líka leyfa notkun í auglýsingaskyni. Þetta er leyfið sem Wikipedia notar, og er ráðlagt fyrir efni sem myndi gagnast í innlimun efnis frá Wikipediu og verkefnum með álíka leyfum

Þú verður að gefa sama leyfi á þitt verk

Verður að geta höfundar – skrá heimild




Eignun - til einkanota - deila jafnt

Þetta leyfi heimilar öðrum að endurgera, gera smávægilegar breytingar og byggja við þína vinnu til einkanota, svo lengi sem höfundurinn fær heiðurinn og noti sama leyfi fyrir nýjar skapanir sínar og með sömu skilmálum.

Þú verður að gefa sama leyfi á þitt verk

Verður að geta höfundar – skrá heimild



Eignun - til einkanota - engar afleiður

Þetta leyfi er mest takmarkandi af okkar sex aðalleyfum, og leyfir öðrum aðeins að niðurhalta verkum þínum og deila þeim með öðrum svo lengi sem höfundurinn fær heiðurinn, en það má ekki breyta þeim á nokkurn hátt eða nota þau í auglýsingaskyni.

Verður að geta höfundar – skrá heimild

Tilvitnanir

Bein tilvitnun

Það er leyfilegt að taka texta orðréttan upp úr heimild til þess að styðja efni ritgerðarinnar.

Kallast það **bein tilvitnun**. Það þarf að auðkenna beinar tilvitnanir sérstaklega:

- Þegar tilvitnun er á íslensku þarf að nota íslenskar gæsalappir. Þær eru settar við upphaf og lok tilvitnunar. Á undan fyrsta staf og á eftir punkti í lok málgreinar.
 - Skrá þarf höfund, ártal og blaðsíðutal innan sviga beint á eftir tilvitnun. Sjá dæmi hér að neðan.
- Ef einungis hluti af málgrein er notaður þarf að setja þrjá punkta ... eða þrjá punkta innan skástrika /.../ í staðinn fyrir úrfellinguna.
 - Skrá þarf höfund, ártal og blaðsíðutal innan sviga beint á eftir tilvitnun. Sjá dæmi hér að neðan.
- **Bein tilvitnun verður að vera nákvæmlega eins skrifuð og hún er í textanum, þ.e. öll greinamerki alveg eins.**

Dæmi um beina tilvitnun:

„Nauðsynlegt er að æfa vel notkun barna á grunnhugtökunum og sjá um að þau tengi þau eðlilega við sinn reynsluheim.“ (Kristján Guðjónsson, 1984:14).

Ef einungis er notaður hluti af málgrein þarf að setja þrjá punkta ... í staðinn fyrir úrfellingu úr texta. Í beinum tilvitnunum er settur hornklofi fyrir framan og aftan punktana. (Til að gera hornklofa nota Alt Gr + 8 eða 9 eða Alt + 91 [og Alt + 93].

Dæmi um beina tilvitnun með úrfellingu:

„Þetta Hastingsmót var mun öflugra en nokkurt skákmót [...] og ég býst ekki við, að ég hafi verið ýkja upplitsdjarfur.“ (Friðrik Ólafsson, 1976:14).

Óbein tilvitnun

- Vísað er í texta einhvers en ekki orðrétt.
 - Skrá þarf höfund, ártal og blaðsíðutal innan sviga beint á eftir tilvitnun. Sjá dæmi hér að neðan.

Dæmi um óbeina tilvitnun:

Foreldrar eru mikilvægir til að skapa jákvæð viðhorf barna sinna til hinna einstöku námsgreina. Mjög auðvelt er að smita börn af viðhorfum annarra. (Kristján Guðjónsson 1984:12).

Frekari upplýsingar um tilvitnanir má sjá í Heimi, handbók um heimildaritun, útgefinni af Námsgagnastofnun.


Íslenskar gæsalappir

ALT + 0132 („) Alt-hnappur vinstra megin við bilslá.
Nota tölur á talnaborði.

ALT + 0147 (“) Alt-hnappur vinstra megin við bilslá.
Nota tölur á talnaborði.

Ef ekki er talnaborð á tölvunni þá má nota eftirfarandi skipun:

- *Insert* (setja inn) > *Symbol* (tákn) og upp kemur eftirfarandi gluggi:



- Veljið leturgerðina *Times New Roman*
- Finnið gæsalappir „, smella á *Setja inn* (Insert) og svo “ smella á *Setja inn* og loka glugganum.
- Farið með ritbendilinn á milli gæsalappanna og skrifið inn textann sem á að koma þar.

Hornklofar

ALT GR + **8** [eða **ALT** + 91 [

ALT GR + **9**] eða **ALT** + 93]

Orðum skipt milli lína

„Þú þarft að þekkja samhljóða og sérhljóða til að skipta rétt milli lína.

1. Þegar ósamsettu orði er skipt milli lína skulu fylgja fyrri hlutanum svo margir samhljóðar sem hægt er að kveða að. Síðari hlutinn hefst þá ávallt á sérhljóða.

Dæmi: Samn-ingur, ærn-ar, mæðg-in, veggj-um, engj-arnar, stærst-ur, berj-anna, hests-ins, stöðv-aði, þyrski-ingur.

2. Samsettum orðum skal skipt um samskeytin og fleirsamsettum orðum helst um aðalsamskeyti.



Dæmi: tungl-skin, sumar-kvöld, lækjar-spræna, verkamanna-félag, menntamála-ráðherra, mis-kunn.



3. Aldrei skal flytja einn staf yfir í næstu línu. Stafurinn tekur ekki meira rúm en bandið.

Dæmi um orð sem ekki má skipta milli lína: semja, leikni, mælska, reynsla, slökkva, vöðvi, guggna, nyrðri, arðna, frjóvga, færsla, seinka, fylgsni.

feðg-in, vettl-ingur, stóls-ins, bæj-anna, ein-kunn.“ (Árni Þórðarson og Gunnar Guðmundsson 2001:7-8)

Orðum skipt milli lína í tölvu

Þú notar  +  (þ.e. hnappurinn hægra megin við ö).

1. Farðu með ritbendilinn þar sem þú ætlar að setja bandstrik. Þú getur sett það á mörgum stöðum, t.d. vettl-ing-ur, verka-manna-félag.
2. Haltu niðri  og smelltu á . Þú sérð ekkert gerast nema ef orðið skiptist milli lína.

Þetta kallast hlaupandi bandstrik og birtist einungis ef orðið skiptist milli lína.

Heimildir og heimildaskráning

Hvað er heimild?

Samkvæmt orðabók er heimild uppruni vitneskju, staður þar sem upplýsingar eru fengnar.

Reglur um heimildaskrá

- Raðað í stafrófsröð eftir nafni höfundar.
- Íslenskir höfundar með nafnið eins og það er skrifað.
- Erlendir höfundar með eftirnafnið á undan.
- *Eftirnafn, fornafn/upphafsstafur*
- Margir erlendir höfundar: Fyrsti með eftirnafnið á undan, aðrir skráðir eins og íslenskir höfundar, þ.e. fornafn á undan.

Bók eftir einn íslenskan höfund:

Einar Már Guðmundsson. 1997. *Fótspor á himnum*. Mál og menning, Reykjavík.

Höfundur.	Ártal.	Heiti bókar. (skáletrað)	Útgáfa,	Staður.
Einar Már Guðmundsson.	1997.	<i>Fótspor á himnum.</i>	Mál og menning,	Reykjavík.

Bók eftir tvo íslenska höfunda:

Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal. 1995. *Handbók um ritun og frágang*. 4. útgáfa. Iðunn, Reykjavík.

Höfundar.	Ártal.	Heiti bókar. (skáletrað)	Númer útgáfu.	Útgáfa,	Staður.
Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal.	1995.	<i>Handbók um ritun og frágang.</i>	4. útgáfa.	Iðunn,	Reykjavík.

Bók eftir einn erlendan höfund:

Martindale, Andrew. 1985. *Gothic Art*. Thames and Hudson, London.

Höfundur.	Ártal.	Heiti bókar. (skáletrað)	Útgáfa,	Staður.
Martindale, Andrew.	1985.	<i>Gothic Art.</i>	Thames and Hudson,	London.

Bók eftir tvo eða fleiri erlenda höfunda:

Fromkin, Victoria, Robert Rodman og Nina M. Hyams. 2006. *An Introduction to Language*. Wadsworth, London.

Höfundar.	Ártal.	Heiti bókar. (skáletrað)	Útgáfa,	Staður.
Fromkin, Victoria, Robert Rodman, Nina M. Hyams.	2006.	<i>An Introduction to Language.</i>	Wadsworth,	London.

Þýdd bók:

Stoppard, Miriam. 1993. *Barnalæknirinn*. Ólafur Grétar Kristjánsson íslenskaði. Iðunn, Reykjavík.

Höfundur/ar.	Ártal.	Heiti bókar. (skáletrað)	Þýðandi.	Útgáfa,	Staður.
Stoppard, Miriam.	1993.	<i>Barnalæknirinn.</i>	Ólafur Grétar Kristjánsson íslenskaði.	Iðunn,	Reykjavík.

Blöð og tímarit:

Petersen, Lars. 2008. Myndun tunglsins var heppileg tilviljun. *Lifandi vísindi*. 11. tbl. 36-41.

Höfundur/ar.	Ártal.	Heiti greinar.	Tímarit. (skáletrað)	Tölublað.	Árgangur:	Blaðsíður.
Petersen, Lars.	2008.	Myndun tunglsins var heppileg tilviljun.	<i>Lifandi vísindi</i> .	11. tbl.		36-41.

Athugaðu að nafn tímaritsins er skáletrað og skrá þarf tölublað, árgang (ef hann er til staðar) og blaðsíðutal greinarinnar.

Skráning vefslóða:

Holtaskóli. 2011. *Skólareglur*. Sótt 26. janúar 2011 af <http://www.holtaskoli.is/Skolinn/Skolareglur/>

Höfundur/ar.	Ár.	Titill. (skáletrað)	Hvenær sótt	Vefslóð
Holtaskóli.	2011.	<i>Skólareglur</i> .	Sótt 26. janúar 2011 af	http://www.holtaskoli.is/Skolinn/Skolareglur/

Svona lítur heimildaskrá út þegar hún er sett upp í tölvu:

Tölvuuppsetning: Hangandi inndráttur 0,63 – *Format > paragraph: hanging indent 0,63*

Heimildaskrá

Einar Már Guðmundsson. 1997. *Fótspor á himnum*.
Mál og menning, Reykjavík.

Fromkin, Victoria, Robert Rodman og Nina M. Hyams. 2006. *An Introduction to Language*. Wadsworth, London.

Holtaskóli. 2011. *Skólareglur*. Sótt 26. janúar 2011 af <http://www.holtaskoli.is/Skolinn/Skolareglur/>

Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal. 1995. *Handbók um ritun og frágang*. 4. útgáfa. Iðunn, Reykjavík.

Martindale, Andrew. 1985. *Gothic Art*. Thames and Hudson, London.

Petersen, Lars. 2008. Myndun tunglsins var heppileg tilviljun. *Lifandi vísindi*. 11. tbl. 36-41.

Stoppard, Miriam. 1993. *Barnalæknirinn*. Ólafur Grétar Kristjánsson íslenskaði. Iðunn, Reykjavík.

Gátlisti fyrir heimildaritgerð

- Blaðsíðutal
- Línubil 1,5
- Forsíða – farið eftir reglum skólans
- Efnisyfirlit
- Inngangur
- Meginmál
- Lokaorð
- Fyrirsagnir réttar
- Myndir – samkvæmt höfundarlögum
- Tilvitnanir – beinar og óbeinar tilvitnanir samkvæmt reglum
- Heimildaskrá – sett upp samkvæmt Chicago-kerfinu (stafrófsröð)
Myndaskrá (ef einhverjar eru)
Töfluskrá
- Yfirlestur – rétt stafsetning, málfar**

Gagnlegar bækur

Palmer, Sue. 2011. *Beinagrindur. Handbók um ritun*. Þýðendur: Hrefna Birna Björnsdóttir og Sigríður Nanna Heimisdóttir. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. 2011. *Heimir. Handbók um heimildaritun*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.